

9. janúar.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags og samvinnufélags .	kr. 450.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 150.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 150.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyting á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 150.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 25.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 300.00
7. Fyrir fjármark	— 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 300.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 150.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 150.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 150.00

Gjaldskýlt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 15 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. febrúar 1963. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 195 28. nóvember 1958, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. janúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.